

PRENTÞJÓNUSTA - UMHVERFISSKILYRÐI	Dags.	2012-08-30
	Útgáfa	1.1

VIÐFANGSEFNI OG GILDISSVIÐ

Umhverfisskilyrðin eru sett fram á vegum verkefnisins Vistvæn innkaup sem er samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga, sjá nánar á www.vinn.is.

Viðmiðin eru byggð á viðmiðum umhverfismerkja eins og norræna Svaninum og Evrópublóminu. Sé vara vottuð með einhverju þessara umhverfismerkja er það fullnægjandi sönnun á því að viðmiðin í þessu skjali séu uppfyllt.



Grunn- og ítarviðmiðin samanstanda af lágmarksskilyrðum og matsviðmiðum:

Lágmarksskilyrði; eru ófrávíkjanleg skilyrði sem boðin vara eða þjónusta skal uppfylla til að tilboð verði tekið til nánari skoðunar.

Matsviðmið; má nota ef útboðsaðili vill veita tilboði aukastig sem stendur sig betur en lágmarksskilyrðin segja til um varðandi umhverfis- og gæðapætti. Í stigamatsgjöf geta matsviðmið fyrir umhverfisþætti vegið 10 til 15% af heildareinkunn.

Matsviðmið er ekki að finna í þessum umhverfisskilyrðum.

HELSTU UMHVERFISÁHRIF

Helstu umhverfisáhrif	Nálgun
<ul style="list-style-type: none"> • Eyðing skóga og mögulega áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika. • Losun óæskilegra efna í vatn og andrúmsloft við pappírsframleiðslu. • Orku- og vatnsnotkun • Efnanotkun • Myndun úrgangsefna við framleiðslu og notkun. 	<ul style="list-style-type: none"> • Kaup á pappír sem er unninn úr notuðum, endurunnum pappír eða pappír unninn úr löglegum og/eða trefjum úr sjálfbærri skógrækt. • Kaup á pappír þar sem framleiðslan losar lítið af úrgangsefnum og er orkunýtin. • Forðast notkun tiltekinna efna í pappírsframleiðslu og við bleikingu pappírs.

1 PRENTÞJÓNUSTA

GRUNNVIÐMIÐ

LÁGMARKSSKILYRÐI

1. Hráefni í pappír

Prentþjónustuaðili skal geta boðið pappír sem samræmist umhverfisskilyrðum um prent- og ljósritunarpappír (sjá viðmið um prent- og ljósritunarpappír á www.vinn.is).

Staðfesting: Viðmið er uppfyllt ef birgi leggur fram undirritaða yfirlýsingu þar að lútandi. Gert er ráð fyrir að kaupandi sannreyni hvort viðmið sé uppfyllt á samningstímabilinu og hann beiti viðeigandi viðurlögum ef viðmið er ekki uppfyllt.

2. Efni og hráefni

Kröfurnar varða eftirfarandi flokka efna sem notuð eru í prentframleiðslu: prentfarfi, gyllingarfoliur, lamineringarfoliur, lakk, lím, prentduft, prentblek, þvottaefni, fontur og þörungaeýðir (algicides).

Að minnsta kosti 95% af árlegri notkun efnanna, mælt í þyngd þeirra, í hverjum flokki skulu uppfylla kröfurnar. Prentfarfi, prentduft og annað prentblek telst til sama flokks. Kröfurnar eiga ekki við þegar innkaup eru minni en 10 kg á ári í hverjum flokki. Athugið að þetta á ekki við þörungaeýðir, gyllingarfoliur, lamineringarfoliur, prentduft og prentblek sem þurfa alltaf að uppfylla kröfur. Ef þvottaefni er endurunnið hjá prentsmiðjunni (gildir ekki ef um hringrás er að ræða) þá má bæta endurunna magninu við aðkeypt magn þvottaefnis.

Staðfesting: Sé varan merkt með norræna Svaninum, er það fullnægjandi staðfesting á að umhverfisviðmið séu uppfyllt. Öll önnur sönnunargögn eru tekin gild, eins og t.d. listi yfir þau tilteknu efni sem notuð eru í framleiðslu prentaðs efnis og voru keypt á árinu.

2.1 Efni skaðleg umhverfinu

Prentefni skal hvorki innihalda efni eða leyfar af efnum sem eru flokkuð sem hættuleg umhverfinu með hættusetningum; H50, H53, H59 né samtengdum hættusetningum H50/53, H52/53, H51/53. Þetta er í samræmi við nógildandi reglugerð um flokkun og merkingu í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Reglugerðin er byggð á ESB tilskipun 1999/45/EC ásamt síðari breytingum og endurskoðunum.

Ofangreint á ekki við um geislaharðnandi liti svo sem útfjólubláa farfa, útfjólublátt lakk og þörungaeýða þar sem kröfur eru gerðar um að þynnt slík efni séu ekki flokkuð með ofangreindum hættusetningum.

Staðfesting: Sé varan merkt með norræna Svaninum, er það fullnægjandi staðfesting á að umhverfisviðmið séu uppfyllt. Öll önnur viðurkennd sönnunargögn eru tekin gild, eins og öryggisblöð þar sem hættusetningar eru tilgreindar eru tekin gild.

2.2 Heilsuspillandi vörur

Prentefni skal ekki innihalda efni eða leyfar af efnum sem eru skilgreind sem skaðleg heilsu manna með eftirfarandi hættusetningum:

- Krabbameinsvaldandi efni H40, H45 eða H49
- Efni sem hafa skaðleg áhrif á frjósemi og fóstur með H60, H61, H62 eða H63
- Stökkbreytivaldandi efni með H46 eða H48
- Eiturefni með H23, H24, H25 eða H48
- Mjög eitruð efni með H26, H27, H28 eða H39

Þetta á einnig við um blöndu sem inniheldur þessi efni í samræmi við núgildandi reglugerð um flokkun og merkingu í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Reglurnar eru byggðar á ESB tilskipun 1999/45/EC ásamt síðari breytingum og endurskoðunum.

Kröfurnar taka ekki til þvottaefna sem innihalda tólúen og prentblek fyrir djúpprentun.

Staðfesting: Sé varan merkt með norræna Svaninum er það fullnægjandi staðfesting á að umhverfisviðmið séu uppfyllt. Öll önnur viðurkennd sönnunargögn, eins og öryggisblöð þar sem hættusetningar eru tilgreindar eru tekin gild.

2.3 Sérlega hættuleg efni

Prentefni skal ekki innihalda efni eða leyfar af efnum sem innihalda EDTA og sölt þess, NTA og sölt þess, LAS, natríum eða kalsíum hýpóklóríð, PFOS skyld efni, alkýfenól eða afleiður þess eða hormónatruflandi þalöt.

PFOS-skyld efni eru hér tekin með POSF efnum (Perfluorooctyl sulphonyl fluoride)

Hormónatruflandi þalöt eru skilgreind í opinberum listum fyrir Norðurlönd eða ESB. Athugið að á lista ESB yfir hormónatruflandi efni er flokkur 3C, sem hljóðar svo: “Engin vísindaleg rök fyrir veru á listanum. Gögn fyrirfinnast, en ekki er vísindalegur grundvöllur fyrir veru á listanum.” Þessi efni eru ekki talin hormónatruflandi.

Staðfesting: Sé varan merkt með norræna Svaninum er það fullnægjandi staðfesting á að umhverfisviðmið séu uppfyllt. Öll önnur viðurkennd sönnunargögn eins og öryggisblöð þar sem hættusetningar eru tilgreindar eru tekin gild.

2.4 Þungmálmar

Styrkur þungmálmanna blýs, kadmíums, kvikasilfurs og sexgilds króms skal samanlagt ekki fara yfir 100ppm í prentförfum, prentdufti, prentbleki, gyllingar- og lamineringarfólíum.

Staðfesting: Sé varan merkt með norræna Svaninum er það fullnægjandi staðfesting á að umhverfisviðmið séu uppfyllt. Öll önnur viðurkennd sönnunargögn eru tekin gild, eins og öryggisblöð fyrir öll efni sem eru notuð í framleiðslunni og þar sem magn þungmálma er tilgreint.

2.5 Efnaleifar arómatískra efna

Á prentefninu skal styrkur ósúlfóneraðra arómatískra amína uppleyst í 1M saltsýru og sett fram sem anilín má ekki fara yfir 500 mg/kg og það mega ekki vera meira en 10 mg/kg bensidín, β-naphthylamín og 4-aminobiphenyl samtals í prenfarfá, prentdufti og prentbleki.

Staðfesting: Sé varan merkt með norræna Svaninum er það fullnægjandi staðfesting á að umhverfisviðmið séu uppfyllt. Öll önnur sönnunargögn eru tekin gild, eins og t.d. niðurstöður samkvæmt prófunaraðferðum í samræmi við ályktun AP (89) 1 leiðtogaráðs ESB.

2.6 Efni sem safnast upp í lífverum

Prentefnin skulu ekki innihalda virk efni í þörungaeyðum og rakagefandi efnum sem eru þess eðlis að þau safnist upp í lífverum ($BCF = 100 \log K_{ow} > 3,0$).

Staðfesting: Sé varan merkt með norræna Svaninum er það fullnægjandi staðfesting á að umhverfisviðmið séu uppfyllt. Öll önnur viðurkennd sönnunargögn eru tekin gild, eins og öryggisblöð fyrir öll efni sem eru notuð í framleiðslunni og þar sem innihald þörungaeyða og rakagefandi efna er tilgreint.

9. Umbúðir

Ef vara er afhent í umbúðum úr plasti skulu umbúðir ekki innihalda pólývínýlklóríð (PVC) eða plastefni úr öðrum tegundum klóraðra efna.

Staðfesting: Viðmið er uppfyllt er birgi leggur fram undirritaða yfirlýsingu þar að lútandi. Gert er ráð fyrir að kaupandi sannreyni hvort viðmið sé uppfyllt á samningstímabilinu og hann beiti viðeigandi viðurlögum ef viðmiðin eru ekki uppfyllt.